

Efni: Umsögn VR um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, þingskjal 13 – 13. mál. 152 löggjafarþing 2021 – 2022

VR fagnar þingsályktunartillögu um stofnun starfshóps um atvinnulýðræði og tekur heilshugar undir það sem þar er lagt til.

Umræða um aukið atvinnulýðræði á sér langa sögu á Íslandi þó hún hafi ekki skilað tilætluðum árangri, enn sem komið er. Fyrstu tilraunir til að styrkja stöðu íslensks launafólks á vinnumarkaði, með aukinni lýðræðislegri þátttöku þeirra á vinnustöðum sínum, eru meira en hálfra aldar gamlar en tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði var fyrst flutt á Alþingi árið 1965. Í árána rás hafa fleiri þingsályktunartillögur um málefnið verið lagðar fram sem og frumvörp um sama efni.

Í nágrannalöndum okkar er réttur til lýðræðislegrar þátttöku á vinnustað víða. Þessi réttur felur í sér þátttöku á breiðum grunni, m.a. með setu fulltrúa starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja. Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandanna hvað þetta varðar, eins og lesa má í greinargerð með tillögunni, og telur VR mikilvægt að launafólk á Íslandi fái einnig þennan lýðræðislega rétt.

Á vettvangi VR er starfandi framtíðarnefnd og hefur félagið samþykkt stefnu um vinnumarkað framtíðar¹. Í stefnunni er sérstaklega tekið á atvinnulýðræði þar sem segir í 3. gr.:

„VR vill að áhrif starfsfólks í stærri fyrirtækjum séu tryggð með stjórnarsetu fulltrúa starfsfólks í stjórn fyrirtækisins.

VR vill að vitneskja og þekking á lýðræðisvæðingu í fyrirtækjum verði almenn.“

Á fundi sínum í október 2020 samþykkti stjórn VR áherslur sem framtíðarnefnd félagsins lagði fram sem miða að því að á íslenskum vinnumarkaði verði réttur starfsmanna til setu í stjórnnum fyrirtækja sambærilegur og í nágrannalöndunum og því var fylgt eftir með yfirlýsingu fyrir kosningar árið 2021 þar sem skorað var á öll framboð að vinna að framgangi málsins².

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir VR yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði og telur brýnt að málinu verði hraðað eins og kostur er.

**Fyrir hönd VR,
Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR**

¹ Sjá stefnuna hér: <https://www.vr.is/media/6534/vinumarkadur-framtidar-stefna.pdf>

² <https://www.vr.is/um-vr/frettir/almennar-frettir/framtidarnefnd-vr-skorar-a-frambod-til-althingis-ad-svara-krofu-um-atvinnulydraedi/>